

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/2014
komudagur 26.4.2006



Reykjavík, 26. apríl 2006

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál, heildarlög.

Það er mat BSRB að meginregla eigi að vera sú að um kjör sé samið milli stéttarfélaganna og vinnuveitenda og leggur áherslu á að samningsréttur félaga sé sem víðtækastur og það heyrir til undantekninga að kjör séu ákveðin einhliða. Í þessu frumvarpi eru markalínur hvað þetta snertir afar óljósar og Kjararáði látið eftir að skera úr um hvaða hópar heyrir undir ákvörðunarvald þess.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins á Kjararáð að skera úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. skuli ná. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem nú falla undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar skuli sæta kjaraákvörðunum skv. 4. gr þar til Kjararáð ákveði nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verði við komið. BSRB leggur ríka áherslu á að það heyrir til algerra undantekninga að Kjararáð ákvarði launakjör starfsmanna ríkisins.

Kjaramál eru pólitísk í eðli sínu. Þar er enginn endanlegur sannleikur til. Í þeim undantekningartilvikum þar sem því verður ekki við komið að stéttarfélög semji um kjörin er nauðsynlegt að pólitískt ábyrgur aðili standi að baki ákvörðunum. Það er óeðlilegt að Hæstiréttur skipi aðila í Kjararáð sem ákveður sjálft starfsreglur og tekur síðan ákvörðun m.a. um launakjör dómara. Eðlilegt væri að héraðsdómarar heyrir undir kjarasamninga. Varðandi launakjör alþingismanna þá mun þingfara kaup vera í höndum Kjararáðs, en tekjur þingmanna og ráðherra eru settar saman af fleiri þáttum sem ávarðað er um á Alþingi eins og sérstakar greiðslur fyrir formennsku í flokkum og þingflokkum, þingnefndum, bílastyrk, o.fl. að ógleymdum lífeyrisréttindum. Spyrja má hvort ekki væri eðlilegt að þessir þættir, að öllu leyti eða hluta til, heyrðu undir Kjararáð. Hvað lífeyrisrétt varðar eru þó engin rök til annars en að í stað sérlaga um þingmenn og ráðherra fengju þeir aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eins og aðrir starfsmenn hins opinbera.

Frumvarpshöfundar virðast gera ráð fyrir því að Kjararáð muni þrengja þann hóp sem komi til með að heyrir undir einhliða ákvörðunarvald. Að því leyti er frumvarpið spor í rétta átt. Bagalegt er hins vegar hve óljóst frumvarpið er hvað þetta snertir.

F.h BSRB
Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir